

Nr. 108 / 15 Blíða SH 277

Strandar á Breiðafirði

Skipaskr.nr. 1178
 IMO nr 0
 Smíðaður: Seyðisfirði 1971 stál
 Stærð: 61,9 brl. 61 bt.
 Mesta lengd: 23,32 m Skráð lengd: 20,64 m
 Breidd: 4,8 m Dýpt: 2,45 m
 Vél: Caterpillar 269 kW, 1979
 Fjöldi skipverja: 3



Blíða ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Lögregluskýrsla
 Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 29. maí 2017 af Geirprúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. október 2015 var Blíða SH 277 á siglingu til Stykkishólms. Veður: V 10-12 m/sek. Stórstraumsfjara kl. 15:01 og sjávarhæð 0,1 m.

Blíða fór frá Stykkishólmi milli kl. 06:00 og 07:00 um morguninn til kúfiskveiða og um kl. 14:40 var haldið til hafnar.

Kl. 15:14 tilkynnti skipstjóri að skipið væri strandað á grynningum út af Kiðey á stað, 65°03,282N og 022°50,872V. Ekki kom leki að skipinu en það hallaði lítillega til stjórnborða og byrjað var að falla að.

Björgunarsveitir á Rifi og Snæfellsnesi voru kallaðar út ásamt þyrilu LHG. Hannes Andrésson SH 737 kom á staðinn og taug var sett á milli skipanna til að það snérist ekki.



Strandstaður út af Kiðey

Kl. 16:27 losnaði Blíða af skerinu og gat siglt til hafnar í Stykkishólmi fyrir eigin vélarafli.

Við rannsókn kom fram:

- að skv. ferilskráningu Vaktstöðvar siglinga var skipið á 8,4-9,0 hnúta ferð þegar það strandaði kl. 15:11. Skipstjórinn taldi sig hafa verið á 6-7 hnúta ferð;
- að skipstjórinn kvaðst hafa farið þarna oft um og ávallt varað sig á þessum grynningum en í þetta skiptið hefði augnabliks andvaraleysi átt sér stað;
- að skipstjórinn vissi ekki hver djúprista skipsins var;
- að grynningarnar sáust ekki á yfirborðinu en eftir strandið sá skipstjórinn þara rétt undir yfirborðinu;
- að 714 kg af beitukóng voru um borð;
- að skipverjar þennan dag voru ekki lögskráðir.

Nefndarálit:

Orsök strandsins var sú að skipstjórinn gætti ekki fyllstu varúðar á siglingu um varhugavert svæði.

Nefndin átelur að skipstjóri tryggi ekki að rétt sé lögskráð á skipið enda er slíkt á ábyrgð skipstjóra samkvæmt lögum.